

# Handbók um Leikskólastarfið 2022-2023



**Velkomin í  
Lundarsel-Pálmholt**

## Efnisyfirlit

### Yfirmenn leikskólans og starfsmenn deilda **3**

#### Að byrja í leikskóla **3**

Aðlögun	4
Aðlögun milli deilda	4
Aðalnámskrá leikskóla og áherslur skólans	4

### Foreldrasamstarf **5**

Foreldrafélag	6
Foreldraráð	6
Auglýst er eftir fólki í foreldraráð	6
Heimsóknarboð í leikskólann	6
Foreldrasamtöl	6
Heimasíða Lundarsels	6
Fréttabréf og dagatöl	6

### Leikurinn **7**

Hópastarf	7
Listsköpun	7
Íþad	7
Samstarf við Lundarskóla	7
Stafapema	8
Hljóm 2	8
Hreyfing/Íþróttir	8

### Dagskipulag **8**

Stefna Lundarsels í matarmálum	8
Samverustundir	8
Hvíld-samvera	9
Útivera	9
Afmælis dagar og kveðjuveislur	10
Uppákomur	10
Lokunardagar	10
Veikindi	10
Fæðisafsláttur	11
Leikskólagjöld	11
Uppsagnarfrestur-breytingar	11
Reimar í fatnaði	11
Óhöpp og slys / tryggingar	11
Barnaverndarlög frá 2002 IV. Kafli.	12
Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld	12

### Yfirstjórn og ráðgjöf **12**

### Atferlisathuganir og skráningar **13**

### Lokaorð **13**

# Leikskólinn Lundarsel -Pálmholt

Hlíðarlundi 4, 600 Akureyri (Lundarsel)  
Þingvallarstræti, 600 Akureyri (neðra Pálmholt)

Skólastjóri: **Björg Sigurvinsdóttir**  
462-5883 [bjosi\(hja\)akmennt.is](mailto:bjosi(hja)akmennt.is)

Stefna okkar er að allt starfið sé á heimspekilegum nótum,  
það er að „sæmræða sé nýtt til náms“.

Einkunnaorð leikskólans eru:  
**Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman**

Símanúmer Lundarselshúsnæðinu		Símanúmer í Pálmholtshúsnæðinu	
Lundarsel/Skólastjórnendur	462-5883	Pálmholt/Skrifstofa	462-6602
Bangsadeild	595-8028	Birkiholt	462-6608
Kisudeild	595-8027	Furuholt	462-6619
Kríudeild	595-8026	Greniholt	462-6607
Lundadeild	595-8029	Eldhús	462-6602
Eldhús	462-5883		

Frá og með haustinu 2021 sameinuðust leikskólarnir Lundarsel og Pálmholt neðra í einn skóla. Efra Pálmholt var lagt niður vegna þess að húsnæðið var ekki starfshæft lengur.

Lundarsel-Pálmholt er sjö deilda leikskóli í tveimur húsum, Lundarsel við Hlíðarlund með fjórum deildum og Pálmholt neðra við Þingvallarstræti með þremur deildum.

Boðið er upp á sveigjanlega dvalartíma þ.e. hægt er að kaupa frá 4 upp í 8 klst. á dag á öllum deildum auk þess sem hægt er að kaupa 15 mín fyrir og/eða 15 mín yfir klst. Fjöldi barna næsta haust er fyrirhugaður 81 börn í Lundarseli og 56 börn i neðra Pálmholti eða samtals 137 börn.

## Yfirmenn leikskólans og starfsmenn deilda

Ágætu foreldrar.

Um leið og við viljum bjóða barnið og ykkur velkomin í leikskólann, viljum við gefa upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt er fyrir foreldra að vita.

Leikskólinn **Lundarsel**, Hlíðarlundi 4, Akureyri og neðra Pálmholt við Þingvallarstræti.  
Opnunartími: **07:45 - 16:15**

Netföng: Björg [bjosi@akmennt.is](mailto:bjosi@akmennt.is) og Helga María [helgamaria@akmennt.is](mailto:helgamaria@akmennt.is)

heimasíða <http://lundarsel.is/>

Lundarselshúsnæðið sími: **462 5883** og Pálmholtshúsnæðið **462-6602**

Vinsamlegast hringið beint inn á deild barnsins ykkar ef erindið snertir deildina.

<b>Kríudeild 595-58026</b>	<b>Kisudeild 595-8027</b>	<b>Bangsadeild 595-8028</b>	<b>Lundadeild 595-8029</b>
<b>Furuholt 462-6619</b>	<b>Birkiholt 462-6608</b>	<b>Greniholt 462-6619</b>	

Starfsmenn leikskólans eru:

**Skólastjóri:** Björg Sigurvinsdóttir

**Aðstoðarskólastjóri:** Helga María Þórarinsdóttir

**Sérkennslustjóri:** Indíana Hrönn Arnardóttir.

**Deildarstjórar:** Elísa Dröfn Tryggvadóttir, Greniholti, Ingi Jóhann Friðjónsson, Furuholti, Stella Bryndís Karlsdóttir, Birkiholt, Birgitta Ósk Sveinbjörnsdóttir, Kisudeild, Guðbjörg Úlfarsdóttir, Bangsadeild og Þórlaug Þorfinnsdóttir, settur deildarstjóri á Lundadeild.

**Matráður:** Ágústína Haraldsdóttir, matartæknir.

**Aðstoðarmatráðar:** Dorota Jolanta og Ólafía Anna Þorvaldsdóttir

**Aðrir starfsmenn má sjá á heimasíðu skólans, sjá link hér að neðan**  
**[Starfsmenn Lundarsels-Pálmholts](#)**

### Að byrja í leikskóla

Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Áriðandi er að góð samvinna takist strax í byrjun milli foreldra barns og starfsfólks þar sem gagnkvæmur trúnaður og samvinna þeirra á milli er forsenda þess að barninu líði vel. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því oft geta lítil atvik í lífi barnsins, valdið breytingum á hegðun þess. Mikilvægur þáttur í þessari samvinnu er aðlögunin, þar sem lagður er hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og starfsfólks leikskóla. Góð aðlögun styrkir öryggistilfinningu barnsins og leggur grunninn að vellíðan þess í leikskólanum.

### Aðlögun

Það er stór stund í lífi barna og foreldra þegar barn byrjar í leikskóla. Til að auðvelda börnum og foreldrum og starfsfólki umskiptin, hefur í gegnum tíðina tíðkast að setja upp sérstakt skipulag í leikskólum, sem gengur undir nafninu aðlögun.

Lundarsel byrjaði að hafa Þátttökuaðlögun í leikskólanum árið 2011 og var ánægja með þessa aðferð, bæði hjá börnum, foreldrum og starfsmönnum. Í því ljósi er sérstaklega horft á þátt foreldra, þeir kynnast starfssemi og starfsmönnum mun betur en áður. Innritun barna mun fyrir en áður.

Foreldrar eru boðaðir á námskeið, þar sem meðal annars PMT foreldrafærni og SMT skólafærni verður kynnt. Frábært ef báðir foreldrar geta mætt á námskeiðið. Það er svo mikilvægt að sameina eins og er á hvern er tekið á agamálum gagnvart börnunum. Sjá nánar um aðlögun á heima síðu skólans; [Þátttökuaðlögun í Lundarseli](#)

### Aðlögun milli deilda

Þar sem deildir í Lundarseli eru aldurskiptar flytjast börn á milli deilda. Á Kríudeild og Greniholti eru yngstu börnin og það fer eftir hvenær börnin sem eru að fara í grunnskóla hætta hvenær aðlögun milli deilda er skipulögð og einni spilar inn í sumarfrí starfsmanna. Nokkrir þættir eru hafðir til hliðsjónar þegar börn fara á næstu deild, eins og samsetning hópsins, tengsl innan hópsins og kennitala. Börnin byrja á því að koma í heimsókn á deildina sem þau flytja á í fylgd starfsmanns. Aðlögunarferlið er metið út frá líðan barnsins og gengur yfirleitt mjög vel. Foreldrum er boðið í stutta heimsókn í þessu ferli til að kynnast starfssemi og starfsfólki á nýju deildinni.

### Aðalnámskrá leikskóla og áherslur skólans

Síðast kom ný aðalnámskrá út árið 2011. Ýmsir þættir sem fjallað er um í aðalnámskrá eru sameiginlegir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Leikskólinn gaf út fjögur plaköt um megin áherslur leikskólans, þar sem glaðir spekingar læra um Hreyfingu og heilsu, Heimspeki, Jafnrétti og SMT. Sú menntastefna sem birtist í nýrri aðalnámskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við gerð námskráarinnar. Þessir grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Aðalnámskrá er að finna á heimasíðunni okkar, slóðin er [Námskrá og helstu stefnur](#)

### Helstu áherslur skólans

Lundarsel- Pálmholt er heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á lærdómssamfélag þar sem allir eru að læra hver af öðrum. Einkunnarorð Lundarsels - Pálmholts er, „Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman“, sem er tilvísun í gleðina sem felst í leiknum, við að leita svara og rannsaka sjálfur. Allir eru að læra, hver af öðrum, börn jafnt sem fullorðnir.

Leikskólastarfið er fjölbreytt og í námskrá er unnið út frá ákveðnum áherslum í gegnum leikinn meðal annars með; barnaheimspeki – samræðu til náms, jafnrétti, heilsueflingu og heilbrigði og SMT- skólafærni. Inn í þessa þætti fléttast námssvið Aðalnámskrá leikskóla; læsi, heilbrigði og vellíðan, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni og sköpun.

Starfsfólk skólans leggur metnað sinn í faglegt, uppeldislegt og gleðiríkt starf. Það skoðar líka starfið með kynjafræðilegum gleraugum með það að leiðarljósi að allir séu jafnir, strákar og stelpur, kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir. Lífstjáning barnsins endurspeglast í leiknum sem er ein mikilvægasta náms- og þroskaleið hvers barns. Á eftirfarandi link má sjá nánar um helstu áherslur í starfinu okkar.

[Helstu áherslur í starfinu](#)

### Skólareglur Lundarsels byggðar á hugmyndafræði SMT

Skólareglur Lundarsels eru byggðar á jákvæðum grundvelli. Meginmarkmiðið er að skapa notalegt, hlýlegt og jákvætt andrúmsloft í skólanum. Gleði skal ríkja, skilningur og jafnræði. Við viljum ánægða nemendur, starfsfólk og foreldra. Forsenda þess er virðing gagnvart öðrum og samábyrgð. Það er á ábyrgð alls starfsfólks. [Áherslur í sambandi við SMT- Skólafærni](#)

Leikskólinn er vakandi fyrir einelti getur átt sér stað og vinnur eftir á eineltisforvarnastefnu.

### Markmið með eineltisforvarnastefnu

- ♥ Að starfsmenn þekki einelti þegar það á sér stað.
- ♥ Að starfsmenn reyni að fyrirbyggja einelti.
- ♥ Að starfsmenn kunni að vinna með einelti ef það á sér stað.

### **Leiðir:**

Nauðsynlegt er að starfsmenn þekki við hvaða aðstæður getur orðið einelti og það geti átt sér stað hjá ungum börnum. Einelti er skilgreint sem síendurtekið líkamlegt og eða andlegt ofbeldi þar sem einn eða fleiri níðast á eða ráðast aftur og aftur á einhvern einstakling.

Einelti er samskiptavandi og lagast ekki af sjálfu sér. Þolandi getur liðið mjög illa þegar hann er lagður í einelti. Stundum verður þolandi árásgjarn og erfiður viðureignar og leggur jafnvel systkini eða önnur börn á öðrum vettvangi í einelti. Gerandi áttar sig stundum ekki á því að hann er gerandi. Ef gerandi er að vinna skipulega að því að leggja einhvern annan í einelti þá er það oft vegna þess að honum sjálfum líður illa. (getur jafnvel verið eins og hróp á hjálp). Sjá nánari um skilgreiningu eineltis og fylgifiskum þess og hvað hægt er að gera í málunum [Gegn einelti](#)

### Foreldrasamstarf

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldi barna. Mikilvægt er að náð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla. Foreldrar þekkja barn sitt best, þeir hafa þekkt það frá fæðingu og fylgst með þroskaferli þess og líðan. Leikskólakennari kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

Foreldrar eru velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram. Þeim er sérstaklega boðið í foreldrakaffi, í einkaviðtöl, á foreldrafundi o.fl. Foreldrum er einnig velkomið að hringja í leikskólann til að spyrja um barnið og eins mun starfsfólk hringja ef eitthvað er.

Nú eru allar umsóknir og uppsagnir komnar undir þjónustugátt Akureyrar, sjá [Þjónustugátt Akureyrar](#), þar er flipi valinn efst til hægri, þar sem stendur: umsóknir, uppsagnir og fleiri eyðublöð, velja þann flipa.

Ef gera á skólasamning er valið LEIKSKÓLAR - skólasamningur við innritun – Lundarsel-Pálmholt. Þá er hægt að ýta á flipa sem heitir Leik- og grunnskólar, umsóknir, ofl. þar fyrir neðan birtast meðal annars þessi rafrænu eyðublöð

- Ósk um breytingar á skólatíma leikskóla
- Rafræn umsókn um leikskóla
- Umsókn um flutning milli leikskóla innan Akureyrar
- Umsókn um niðurfellingu á fæðisgjaldi í leikskóla
- Umsókn um tímabundna leikskóladvöl utan Akureyrarbæjar
- Uppsögn á leikskólaplássi

Einnig er sótt um bleyjusamninga undir Leikskólar-bleyjusamningar og valið Lundarsel. Á sama stað er rafrænt eyðublað Uppsögn samnings um áskrift í bleyjusjóð leikskólans Lundarsels

Önnur eyðublöð

[2.5 ára skoðun eyðublað heilsugæslunar sem leikskólinn sér um ef foreldrar óska eftir](#)

[4 ára skoðun eyðublað heilsugæslunar sem leikskólinn fyllir út](#)

### Foreldrafélag

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og allir forráðamenn barna verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrar/forráðamenn eru beðnir um að láta leikskólastjóra vita ef þeir hafna þátttöku í félaginu. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra, barna og starfsfólks, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Félagið kemur að ýmsum uppákomum og fleiru sem leikskólinn skipuleggur. Einnig hefur félagið styrkt leikskólann til kaupa á ýmsum kennslugögnum. Viðburðir sem foreldrafélagið styrkir eru til dæmis danskennsla og leiksýningar. Aðalfundur félagsins er haldinn að hausti ár hvert, þar sem rædd eru málefni félagsins og stjórn þess endurnýjuð. Í stjórninni sitja 4-8 fulltrúar foreldra/forráðamanna auk formanns. Einnig er einn starfsmaður leikskólans tengiliður við félagið. Upplýsingar um foreldrafélagið og

### Foreldraráð

Í foreldraráði eru að lágmarki þrjú foreldrar en þeir geta verið fleiri, fer eftir áhuga foreldra. Leikskólastjóri fundar með foreldraráði. Foreldraráð er hluti af stjórnkerfi leikskólans og gefur umsögn um starfsáætlun, skóladagatal og skólanámskrá leikskólans. Foreldraráð gefur einnig umsókn um ýmislegt annað sem tengist leikskólanum, eins og t.d. innritun og aðlögun leikskólans.

Sjá nánar um foreldrafélögin [Handbók fyrir foreldrafélögin](#)

Auglýst er eftir fólki í foreldraráð fyrir aðalfund foreldrafélagsins og kosið um þá á fundinum.

### Heimsóknarboð í leikskólann

Börn bjóða foreldrum sínum í heimsókn í leikskólann í nokkur skipti á ári. Ömmu og afa er einnig boðið í leikskólann í eitt skipti á skólaárinu. Það er kallað heimsóknarboð (auglýst nánar á dagatali deildarinnar.)

### Foreldrasamtöl

Þegar barnið er búíð að vera í leikskólanum í nokkurn tíma eru foreldrar boðaðir í samtal til að ræða hvernig gengur. Allir foreldrar eru boðaðir í samtal a.m.k einu sinni á ári og er miðað við að samtalið sé í afmælistánuði barnsins. Foreldrar geta einnig beðið um samtal hvenær sem er. Hið sama gildir um starfsfólk deilda og leikskólastjóra. Í þessum samtölum er meðal annars rætt um líðan og framför barnsins í leikskólanum og heima. Einnig er farið yfir þroskálýsingar sem fylltar eru út fyrir hvert aldurskeið.

### Heimasíða Lundarsels

Heimasíða leikskólans er í stöðugri vinnslu (eins og allar heimasíður) leiðin til að komast inn í hana er <https://lundarsel.karellen.is/>

Markmiðið með heimasíðunni er að kynna leikskólann og koma á grunnupplýsingum um leikskólann til foreldra. Leikskólinn sendir fréttabréf, dagatöl og ýmislegt fleira í gegnum netfangalista foreldra. Megin tilgangurinn með að nota netið sem mest er að draga úr pappírslóði og stuðla um leið að vistvænu umhverfi. **Lundarsel-Pálmholt notar Karellen viðverkerfi** og eru allir foreldrar beðnir um að sækja Karellen-appið! Foreldrar geta þar sent á einfaldan hátt skilaboð til leikskólans og á sama hátt getur kennari sent skilaboð á hópa eða einstaka foreldra/forráðamenn. Lundarsel geymir þar allar myndir sem teknar eru og deilir þeim með foreldrum barns/barna. [Upplýsingar foreldra um innskráingu í Karellen](#)

### Fréttabréf og dagatöl

Leikskólinn sendir í tölvupósti til foreldra allskonar upplýsingar og fréttabréf um það sem er efst er á baugi í starfsemi leikskólans hverju sinni. Auk þess eru dagatöl send í tölvupósti mánaðarlega þar sem hópastarfi, vettvangsferðum, afmælum og uppákomum eru gerð skil. Stundum fylgja þessum dagatölum frekari fréttir af deildinni.

Fyrir framan deildirnar eru upplýsingatöflur sem skrifað er á helstu viðburðir dagsins sem og upplýsingar til foreldra um það sem er á döfinni. Því er afar mikilvægt að foreldrar lesi á töfluna daglega, svo hægt sé að ræða við börnin hvað þau hafi verið að gera í leikskólanum þann daginn og hvað sé framundan. Einnig eru

**Ritstjóri Björg Sigurvinsdóttir,  
Uppfært 16. Júní 2022**

korktöflur við innganga deildanna en þar eru settar upp skráningar sem lýsa því sem börnin eru að fást við hjá okkur.

## **Leikurinn**

Leikurinn skipar veglegan sess í öllu starfi leikskólans – að leika og læra saman er það sem skiptir mestu í leikskólanum. Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn á leikskólaaldri læra lang mest í gegnum leik. Lífstjáníng barnsins endurspeglast í leiknum sem er ein mikilvægasta náms- og þroskaleið þess. Í gegnum allan daginn er leitast við að skapa börnum góð skilyrði fyrir leik þar sem gefinn er tími fyrir góða samfellu leiksins. Börnin velja sér svæði til að leika sér á og er mismunandi verkefni og efniviður í boði á hverju svæði, til dæmis hlutverkaleikir, kubbar, spil, bílar, bækur, ýmis borðvinna o.fl. Í frjálsum leik þarf barnið að læra að leika sér og starfa í þeim barnahópi sem það tilheyrir. Í hópleikjum öðlast barnið skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu. Í samræmi við stefnu og hugmyndafræði leikskólans er megin áhersla á að efniviður og námsgögn leikskólans sé opinn sem leiði til skapandi kennslu og efla alla þroskaþætti.

Í Lundarseli - Pálmholti eru námsgreinar kenndar í gegnum leikinn og allt sem fer fram í leikskólanum. Til dæmis er oft gott tækifæri til að kenna stærðfræði í matartímum en þar eru börnin að telja hvað þau eru með margar bollur, kartöflur á disknum sínum og telja síðan hvað eru margar eftir þegar ég er búin með eina bolla o.s.frv. Í fataherberginu gefst einnig gott tækifæri til að ræða við hvert og eitt barn, þar er til dæmis rætt um litinn á fötunum sem barnið er að klæða sig í, barnið fær æfingu í að efla fínhyrfingar með því að klæða sig sjálf með aðstoð hins fullorðna.

Á veturna er opið milli deilda. Tilgangurinn með því er að börnin geti kynnst öðrum deildum, t.d. heimsótt deildina þar sem systkinið er og einnig auðveldar þetta flutning frá Kríudeild yfir á eldri deildirnar.

## **Hópastarf**

Ein leið sem við förum til að gera uppeldisstarfið enn markvissara er að skipta börnunum niður í litla hópa eftir aldri og þroska og er hver tími er um það bil 1/2-11/2 klst. Rauði þráðurinn í hópastarfinu er að bæta samskipti og rækta vináttuna. Í hópastarfi er tekið á öllum námssviðum leikskólans. Lífsleikni og námsgengi barnsins byggist á jafnvægi milli allra þroskaþáttanna.

## **Listsköpun**

Með frjálstri listsköpun (myndlist, tónlist, einingarkubbar o.fl.) örvum við hugmyndaflug, eflum frumkvæði og sjálfstraust barnanna. Í leik með tónlist fá börnin að kynnst hljóðfærum og grunnhugtökum í tónlist. Einingakubbar efla tilfinningu barnanna fyrir stærðfræðilegum formum, þyngdarlögmálinu, eðli og rúmtaki efnis.

Barnaheimspeki er fléttuð inn í allt starf Lundarsels. Á öllum deildum (ekki 1-2ja ára börnin) eru samræður hluti af starfinu. Í samræðuhóp læra börnin að hlusta á hvert annað, taka tillit til hugmynda og skoðana annarra, spyrja spurninga, vega og meta og kljást við viðfangsefnið út frá eigin þekkingu. Notaðar eru kennsluleiðbeiningar með barnaheimspekinni.

## **Ipad**

Það eru tveir iPad á hverri deild, þeir eru notaðir til að stimpla börnin inn og út, taka börnin upp í leik, fylgjast með þroska þeirra og einnig nýtum við þau öpp í kennslu sem við teljum að séu lærdómsrík fyrir börnin.

## **Samstarf við Lundarskóla**

Lundarsel er í mjög góðu samstarfi við Lundarskóla, samstarfið felst í heimsóknum leikskólabarna í skólastofuna, íþróttahúsið og skólavistunina. Einnig koma grunnskólabörnin í heimsókn til okkar. Upplýsingafundur þar sem leik- og grunnskólakennarar ræða saman eru haldnir nokkrum sinnum og leikskólakennarar afhenda grunnskólakennurum umsögn elstu barnanna að vori.



## Stafabema

Á eldri deildum er stafa/ hljóða þema allan veturinn. Tveir bókstafir/hljóð kynntir og leikið í gegnum þá, notað svokallað Lubbi og málbeinið - námsefnið. Elstu börnin vinna auk þess verkefni sem tengist bókstöfunum en unnið er með Læsi á allskonar hátt í leikskólanum, en í læsisstefnu okkar skiptum við læsi í fjóra undirþætti: Samræða, tjáning og hlustun, Lestur og lesskilningur, Ritun og miðlun og svo Lesfimi

## Hljóm 2

Lundarsel notar greiningartækið Hljóm2 til að kanna hljóð- og málvitund leikskólabarna. Greiningatækinu er ætlað að finna börn í elsta árganginum sem hugsanlega gætu lent í lestrarerfiðleikum síðar. Greiningin er framkvæmd þegar barnið á eftir um eitt ár í leikskólanum en þá höfum við tækifæri til að örva börnin þar sem þeirra veiku hliðar liggja ef niðurstöður sína að þess er þörf. Önnur greining er gerð í febrúar ári seinna til að sjá hvort framfarir hafi orðið hjá barninu. Foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður barna sinna.

## Hreyfing/Íþróttir

Öll börn í Lundarseli fara í salinn að minnsta kosti einu sinni í viku, þar læra þau m.a. að virða leikreglur, fara að fyrirmælum, meta aðstæður, finna sig í rýminu, slaka á og læra inn á líkama sinn. Vel skipulögð hreyfistund veitir þeim fullorðna einnig nákvæma yfirsýn yfir hreyfiþroska og framfarir barnanna. Eldri börnin í Lundarseli fara líka í gönguferðir/vettvangsferðir 1-2 sinnum í mánuði þar sem þau ganga mislangar vegalengdir. Útivera er hjá flestum börnum daglega og sumum tvisvar á dag og oftár á sumrin. Þar fá börnin að hreyfa sig eins og þau hafa þörf fyrir, hlaupa og ærslast. Skipulagðir leikir eru einnig í útiveru en þeir eru algengari á sumrin. Einnig fara börnin í salinn í leikstund þar sem þau fá tækifæri til að hreyfa sig um í stærra rými í tjáningu, dansi og spuna. Hér að neðan má sjá gróft dagskipulag deilda sem útfært er eftir aldri og þroska barnana.

## Dagskipulag

07.45	Leikskólinn opnar
08.00-8.45	Morgunververður
8.00-11.00	Leikur inni/úti
11.10-12.00	Hádegisverður
12.00-12.30/13.00	Svefn/hvíld
13.00-14.15	Leikur inni/úti
14.30-15.00	Síðdegishressing
14.45-16.00	Leikur inni/úti
16.15	Leikskólinn lokar

## Stefna Lundarsels í matarmálum

Sameiginlegur hádegis matseðill er í öllum leikskólum og grunnskólum bæjarins. Lagt er upp úr hollum og fjölbreyttum mat. Matseðlar hafa verið unnir eftir áherslum Landlæknisembættisins og næringarsérfræðinga. Sjá [matseðlar](#)

## Tilbreyting

Við höldum upp á þjóðlegar hefðir eins og til dæmis á Sprengidaginn er saltkjöt og baunir í matinn og á Bolludegi eru bollur. Við gerum okkur einstaka sinnum daga mun í sambandi við mat og eru þær helst eftirfarandi; Jólamatur; hvítur ís í eftirrétt. Kveðjuveisla elstu barnanna; grill, snakk / ís í boði Lundarsels. SMT umbun; stundum snakk. Öskudagur; pylsur og snakk.

## Samverustundir

Í samverustundum gefst börnum og starfsmanni tækifæri til að eiga saman notalega stund í ró og næði. Þá er hægt að lesa, syngja saman og spjalla um daginn og veginn. Við lestur bóka og þegar starfsmaður segir börnum sögur gefst gullið tækifæri til að ræða saman um bókina og örva þar með lesskilning barna.

### Hvöld-samvera

Í hvíldinni geta þau börn sofið sem þess þurfa en hin leggja sig og hlusta á rólega tónlist, ævintýri eða sögu. Hvíldin endurnærir börnin sem verða ennþá betri til þess fallin að taka áfram þátt í leik og verkefnum dagsins. Börnin koma með sinn eigin koddar og koddaver í leikskólann og taka heim til að þvo vikulega.

### Útivera

Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem grófhreyfingum og frjálsum leik er gert hátt undir höfði.

Útivera er holl öllum börnum. Íslenskt veðurfar getur verið umhleyppingasamt og rysjótt en við því er ekkert að gera. Til að mæta þessu, klæðum við okkur rétt og högum útiveru eftir veðri. Förun seinna út eða komum fyrir inn þegar það er mjög kalt.

Stundum kemur það fyrir að foreldrar óska eftir inniveru fyrir börn sín í því skyni að verja þau veikindum. Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyra. Börn sem dvelja langdvölum innandyra eru oft kulsælli og viðkvæmari en þau börn sem vön eru útiveru. Sjálfsagt er að koma til móts við óskir foreldra um stutta útiveru þegar barnið er t.d. með mjög slæman hósta og þá getur barnið farið síðast út og fyrst inn. Sjá enn fremur bréf hér í fylgiskjali, frá Þóri V. Þórisson yfirlækni Heilsugæslustöðvarinnar um veikindi leikskólabarna og lyfjagjöf í leikskólum.

Við erum töskulaus leikskóli - það þýðir engar töskur í fatahólfum. Útiföt eiga að vera á snaga eða í fatahólfum og aukaföt í plastboxum / kössum. Sjá hér ð neðan lista yfir það sem við teljum að nauðsynlegt sé að hafa í leikskólanum / í boxinu. Munið að merkja fötin vel, því við getum ekki þekkt hver á hvað þar sem í leikskólanum eru um 90 börn og mörg eiga eins föt.

Eldri börn 3-5 (Lágmark)	Yngri börn 2-3 (Lágmark)
<p>1. Útiföt / á snaga eða í fatahólfum</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Pollagalli</li><li>• Kuldagalli (ekki á sumrin)</li><li>• Hlý peysa</li><li>• Húfa og buff eða eyrnaskjól</li><li>• Ullarsokkar (ekki á sumrin)</li><li>• 2-3 vettlingar (ekki á sumrin)</li><li>• Kuldaskór (yfir vetrartímann)</li><li>• Stígvél</li><li>• Léttir skór</li></ul> <p>2. Aukaföt / geymd í boxum í leikskólanum</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• 2 nærbuxur</li><li>• 2 nærbolur</li><li>• 2 sokkar/sokkabuxur</li><li>• 1 buxur</li><li>• 1 bolur</li><li>• 1 peysa</li></ul>	<p>1. Útiföt / á snaga eða í fatahólfum</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Pollagalli</li><li>• Kuldagalli (ekki á sumrin)</li><li>• Hlý peysa</li><li>• Húfa og buff eða eyrnaskjól</li><li>• Ullarsokkar</li><li>• 2-3 vettlingar</li><li>• Kuldaskór (yfir vetrartímann)</li><li>• Stígvél</li><li>• Léttir skór</li></ul> <p>2. Aukaföt / geymd í boxum í leikskólanum</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• 3 nærbuxur</li><li>• 2 nærbolur</li><li>• 3 sokkar/sokkabuxur</li><li>• 3 buxur</li><li>• 1 bolur</li><li>• 1 peysa</li></ul>

Það þarf að fylgjast vel með hvað fer úr kassanum og muna eftir að taka blaut/óhrein föt með heim eftir hvern dag og þá koma með ný aukaföt eða útiföt daginn eftir. Kassinn með innifötunum er alltaf í leikskólanum en föt í hólfunum mega vera í leikskólanum alla vikuna – en það þarf að taka öll föt úr hólfunum heim á föstudögum.

### Afmælisdagar og kveðjuveislur

Þegar barn á afmæli í fær barnið kórónu (kórónu sem barnið velur sjálf að gera eða biður starfsmann/þann fullorðna að útbúa). Afmælissöngurinn er sunginn fyrir barnið og kveikt á jafnmörgum kertum og árin segja til um hjá afmælisbarninu. Barnið fær jafnframt að velja sönglög í söngstund auk þess sem það er þjónn og aðstoðar við að leggja á borð í matmálistímum. Barnið kemur ekki með neitt að heiman til að bjóða hinum börnunum.

Þegar barn hættir í leikskólanum kemur það ekki með neitt að heiman til að bjóða hinum börnunum. Barnið fær möppu í kveðjugjöf sem það hefur safnað nokkrum verkum í gegnum árin sín í Lundarseli. Lundarsel sér um kveðjuveislu fyrir elstu börnin.

Ef afmælisbarni langar að bjóða hluta af hópnum í afmæli sitt eru það vinsamleg tilmæli frá foreldrafélaginu og starfsmönnum Lundarsels að það sé ekki gert í gegnum leikskólann. Erfitt getur verið fyrir barn sem ekki er boðið í afmæli að sjá boðskort í hólfum barnanna sem er boðið.

### Uppákomur

Flesta föstudaga eru einhverjar uppákomur hjá okkur, eins og skemmtun á sal, en deildirnar skiptast á að sjá um uppákomur í sal með söng, leikriti eða sprelli. Þessar uppákomur eru tilgreindar á skóladagatalinu og á dagatölum deildanna, mánaðarlega.

### Lokunardagar

Starfsfólk í leikskólum Akureyrarbæjar hefur rétt á skipulagsdögum, námskeiðsdegi og starfsmannafundi samtals 6 daga á ári, þá er leikskólinn lokaður. Þessir dagar eru notaðir til fræðslu og til að undirbúa uppeldisstarf leikskólans og meta það starf sem unnið hefur verið. Foreldrum er tilkynnt um þessa daga í apríl og þar kemur fram hvort lokað er heila daga eða hálfan dag.

### **Skóladagatal 2022-2023**

#### **Lokað er í Lundarseli - Pálmholti skólaárið 2022-2023 eftirfarandi daga:**

- Föstudaginn 24. júní er lokað klukkan 15.00-16.15 vegna sumarlokunar
- Föstudaginn 9. september er lokað frá klukkan 7.45 til 16.15.
- Mánudaginn 10. október er lokað frá klukkan 7.45 til 16.15
- Miðvikudaginn 9. nóvember er lokað frá klukkan 12.00 til 16.15.
- Mánudaginn 2. janúar er lokað frá klukkan 7.45 til 16.15
- Fimmtudaginn 23. febrúar er lokað frá klukkan 7.45 til 12.00
- Föstudaginn 24. mars er lokað frá klukkan 12.00-16.15
- Föstudaginn 19. maí er lokað frá klukkan 7.45-16.15
- Föstudaginn 30. júní er lokað frá klukkan 14.00-16.15
- Mánudaginn 31. júlí er lokað frá 7.45-10.00. Opnum kl. 10.00

Leikskólar Akureyrarbæjar fá 48 klukkustundir á ári til að ræða saman, gera áætlanir, mat og undirbúa. Auk þess 1 klukkutími í að opna eftir sumarlokun til að koma húsnæðinu í stand

### Veikindi

#### **Eftirfarandi ráðleggingar hafa verið samþykktar af heimilislæknum heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri:**

Leikskólinn er ætlaður frískum börnum. Börn sem ekki eru fullfrísk eiga ekki að koma í leikskólann bæði vegna smithættu sem er mest í upphafi veikinda og til að draga úr vanlíðan barns. Innvera þegar börn eru að veikjast eða eru slöpp er ekki leyfð. Ef barn veikist í leikskólanum er forráðamönnum gert viðvart og hlúð að barninu þar til það er sótt. Barn á að vera hitalaust heima hjá sér í að minnsta kosti einn sólarhring áður en það kemur aftur í leikskólann. Einnig á barnið að geta tekið þátt í öllu skólastarfi jafnt inni sem úti þegar það kemur til baka úr veikindum. Hægt er að koma til móts við alla með því að barn fari síðast út og fyrst inn. Í undantekningartilvikum getur barn fengið að vera inni í einn til tvo daga. Þá er verið að tala um eftir alvarleg veikindi. Ræða skal við deildarstjóra í hverju tilviki fyrir sig. Meginreglan er sú að foreldrar sjá um lyfjagjafir barna sinna og bera ábyrgð á þeim. Ekki eru gefin lyfseðilsskyld lyf eða krem í leikskólanum nema til komi vottorð frá lækni um að lyfjagjöf eða krem um meðferð sé nauðsynleg þann tíma sem barnið

**Ritstjóri Björg Sigurvinsdóttir,**  
**Uppfært 16. Júní 2022**

dvelur í leikskólanum. Ávallt skal hafa samráð við deildarstjóra. Húðkrem og bossakrem eru almennt ekki í leikskólanum nema í undantekningartilfellum og þá í samráði við deildarstjóra. Á <https://www.heilsuvera.is/> eru ýmsar nytsamlegar upplýsingar sem gott er að skoða

### **Fæðisafsláttur**

Ef barn er fjarverandi frá leikskólanum samfleytt í mánuð eða meira vegna veikinda eða fría (fyrir utan 4 vikna sumarleyfi) dregst frá fæðiskostnaði. Þá þarf að tilkynna um fjarveru fyrirfram og sækja um fæðisafslátt rafrænt í þjónustugátt. [hér](#)

### **Leikskólagjöld**

Leikskólagjöld ber að greiða fyrirfram fyrir 15. hvers mánaðar og eru þau innheimt með heimsendum gíróseðlum. Ef leikskólagjöld eru ekki greidd innan tveggja mánaða fá forráðamenn sent ítrekunarbref frá Intrum. Ef ekki semst um frekari greiðslu eftir það fylgir uppsögn í kjölfarið.

### **Uppsagnarfrestur-breytingar**

Uppsagnarfrestur á leikskólaplássi er einn mánuður og miðast hann við mánaðamót eða 15. hvers mánaðar. Foreldrar skuldbinda sig til að halda sama dvalartíma að minnsta kosti eina önn (4 mánuðir í einu) Ein önn er: September – Desember, Janúar – Apríl, Maí – Ágúst. Óski foreldrar eftir breytingum á dvalartíma barns í leikskóla. Því miður getum við ekki alltaf komið til móts við óskir um breytingar en ákveðinn fjöldi barna má vera á hvern starfsmann og því þarf að taka tillit til þess. Öll eyðublöð –skólasamningur, óskir um breytingar, bleyjugjald, uppsagnir eru á sama stað í þjónustugátt Akureyrar. Sjá nánari leiðbeiningar á heimasíðu skólans, sjá [hér](#)

### **Reimar í fatnaði**

Hættulegt getur verið að hafa reimar í fatnaði barna þá sérstaklega í hálsmálum. Auk þess hafa treflar reynst mjög varasamir. Séu reimar notaðar að jafnaði má nota teygju í staðinn. Teygjan er þrædd í hettuna og endar teygjanna saumaðir fastir við opin sem gerð eru fyrir reimina.

### **Vinsamlegast að stöðva vélina í bílnum**

Vinsamlegast stöðvið vélina í bílnum þegar þið komið í leikskólann. Börnin vilja gjarnan vera laus við þá mengun sem verður af bílum sem eru í gangi.

### **Óhöpp og slys / tryggingar**

Í barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra og þeir beðnir um að fara með barnið á slysadeild ef þess þarf.

Þurfi foreldrar eða starfsmenn að fara með börn á slysadeild vegna óhapps í leikskólanum *greiðir leikskólinn fyrir fyrstu heimsókn* en síðan foreldrar eða forráðamenn ef þörf er á frekari meðferð.

Akureyrarbær hefur keypt tryggingu fyrir öll börn sem eru í leikskólum, skólum og námskeiðum á vegum bæjarins. Þetta er svonefnd slysatrigging skólabarna en henni er fyrst og fremst ætlað að mæta stærri áföllum. Skilmálar eru í aðalatriðum þeir að allir skráðir nemendur eru tryggðir á skólatíma, á leið í og úr skóla og í ferðalögum á vegum skólans. Sjá dvalarsamning í þjónustugátt Akureyrarbæjar.

## STARFSFÓLK LUNDARSELS ER BUNDIÐ ÞAGNASKYLDU

### Barnaverndarlög frá 2002 IV. Kafli.

#### Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld

##### **17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.**

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sjá nánar um barnaverndarlög hér [Barnavernd - tilkynningarskylda](#)

### Viðbrögð við miklum veikindum í starfsmannahópi Lundarsels

#### **Ástæður:**

Á ákveðnum tímum geta fjarvistir starfsmanna orðið verulegar og geta ástæður fjarverunnar verið nokkrar, til dæmis vegna: Smits af influensu, annarra veikinda, annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða lokunar leikskóla og grunnskóla.

#### **Aðgerðir:**

Ef upp koma þær aðstæður í Lundarseli að fjarvera starfsmanna er það mikil að stjórnendur treysta sér ekki til að tryggja öryggi barnanna í skólanum miðað við starfsmannaafli þarf að grípa til eftirfarandi aðgerða:

- **Sendu verður ákveðinn fjöldi barna heim úr skólanum.** Haft verður samband við foreldra ákveðinna barnahópa og þessir foreldrar verða beðnir um að sækja börn sín strax í skólann.
- Öll börn skólans eru í ákveðnum hópum og eru því ákveðnir hópar sendir heim hvern dag sem ofangreint ástand varir.
- Séð verður til þess að hver hópur fari 1x heim áður en aftur er haft er samband við sama foreldrahóp.

#### **Samskipti við foreldra:**

Hringt verður í þá foreldra sem þurfa að sækja börn sín. Einnig verður sendur tölvupóstur til foreldra. Skólastjóri og/eða staðgenglar sjá um að hafa samband.

### Yfirstjórn og ráðgjöf

Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar fer með yfirstjórn leikskólanna, fjármál, áætlanagerð, innritun barna og skipulagsmál. Fræðslu- og lýðheilsusvið veitir allar almennar upplýsingar um skólastarf á Akureyri, tekur á móti erindum vegna skólamála og fylgir eftir samþykktum fræðslu- og lýðheilsuráði.

Sviðsstjóri er Karl Frímansson. 460-1456, netfang: karl@akureyri.is

Verkefnastjóri fyrir leikskóla er Erna Rós Ingvarsdóttir. 460-1452, netfang: ernaros@akureyri.is

Leikskólaráðgjafi fræðslusvið er Sesselja Sigurðardóttir. 460-1453, netfang: sesselja@akureyri.is

Leikskólaráðgjafi v/sérkennslubarna er Elva Haraldsdóttir S.460-1420, netfang:elva@akureyri.is

Háskólinn á Akureyri veitir stofnanaráðgjöf til leikskólanna að beiðni leikskólastjóra. Akureyrarbær og Háskólinn á Akureyri hafa gert með sér rammásamning. Samningurinn felur í sér ráðgjöf, sí- og endurmenntunaráætlanir og stuðning við skólanna sem stofnun. Leikskólarnir sækja um þá þjónustu sem þeir óska eftir til skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri.

Fræðslusvið er skipuð pólitískum bæjarfulltrúum og er henni ætlað að móta stefnu bæjarins í leikskólamálum. Þar sitja bæjarfulltrúar svo og áheyrnarfulltrúar leikskólastjóra, starfsmanna og foreldra.

**Starfsfólk Lundarsels er bundið þagnarskyldu um öll trúnaðarmál sem og hagi einstakra barna og foreldra þeirra.** Foreldrar eru sömuleiðis beðnir um að virða þagnarskyldu í sambandi við önnur börn og starfsfólk leikskólans.

## Atferlisathuganir og skráningar

Varðandi atferlisathuganir og skráningar á upplýsingum um börn í leikskólum.

Samkvæmt lögum um leikskóla eru meginmarkmið með leikskólastarfi meðal annars að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar.

Atferlisathuganir/skráningar í leikskólanum

Til að fylgjast með þroska hvers barns og til að fylgjast með samskiptum í leikskólanum, hafa leikskólakennarar möguleika á að gera atferlisathuganir eða skráningar á hegðun barna og starfsfólks innan deilda leikskólans. Þessar atferlisathuganir/skráningar eru til þess fallnar að athuga markvisst hvernig þroska barna og samskiptum innan deildar er háttað. Þessar atferlisathuganir/skráningar fara fram í leikskólanum og eru fléttaðar inn í daglegt starf leikskólakennarans. Þær geta verið skriflegar, hljóðritaðar aða teknar upp á myndband.

Niðurstöður úr þeim atferlisathugunum/skráningum sem beinast sérstaklega að einstökum börnum eru kynntar foreldrum þeirra í sérstökum foreldraviðtölum sem tekin eru a.m.k. einu sinni á ári. Sjá upplýsingar um áherslur í sambandi við [Sérkennslustefna](#)

Sértækar athuganir

Ef, af einhverjum ástæðum, er talið að gera þurfi sérstakar athuganir á barni t.d. vegna gruns um seinkaðan þroska, hvort heldur er andlegan, líkamlegan eða félagslegan, er foreldrum þess barns kynnt það sérstaklega og skrifleg heimild fengin til að gera þær athuganir sem þurfa þykir. Niðurstöður þeirra athugana eru kynntar foreldrum þess barns sérstaklega og með samþykki þeirra leitað leiða til að aðstoða barnið.

**Foreldrafélag og foreldraráð:**

Hlutverk **foreldrafélagsins** er að halda utan um ýmsa viðburði í leikskólanum, það stendur straum að ýmsum kostnaði t.d. vorhátíð, leiksýningum og ýmsu fleiru sem foreldrafélagið hefur áhuga að standa fyrir.

Hlutverk **foreldraráðs** er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um framkvæmd skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Mikil tölvusamskipti eru hjá foreldrafélögunum og er fjöldi funda í lágmarki eða um tveir fyrir áramót og tveir til þrjár eftir áramót.

[Samstarf við foreldra og lög foreldrafélagsins](#)

## Lokaorð

Ágætu foreldrar nú hefur starfssemi leikskólans verið kynnt í stórum dráttum og eflaust vakna margar spurningar við lesturinn. Við hvetjum ykkur foreldra til að ræða við okkur um óljós atriði og vera dugleg að spyrja. Þessa foreldrahandbók er gott að hafa á vísum stað þar sem hægt er að fletta upp í henni þegar spurningar vakna.

Með kærri kveðju og ósk um gott samstarf.  
Fyrir hönd starfsmanna Lundarsels-Pálmholts,  
Björg Sigurvinsdóttir, skólastjóri